



# Áfangar í frjálsu vali fyrir 3. og 4. bekk

Skólaárið 2016-2017



## Efnisyfirlit

|  |           |
|--|-----------|
| <b>ÝMSAR REGLUR SEM TENGJAST VALI .....</b>                    | <b>1</b>  |
| <b>BINDANDI VAL .....</b>                                      | <b>1</b>  |
| <b>VAL Á ÁFÖNGUM Í INNU.....</b>                               | <b>2</b>  |
| <b>2. BEKKUR .....</b>   | <b>2</b>  |
| <b>3. BEKKUR .....</b>   | <b>2</b>  |
| <b>LEIÐBEININGAR TIL NEMENDA UM VAL Á ÁFÖNGUM Í INNU .....</b> | <b>3</b>  |
| <b>VALGREINAR 2016-2017 – YFIRLIT .....</b>                    | <b>4</b>  |
| <b>VALGREINAR Í BOÐI Á HAUSTÖNN 2016.....</b>                  | <b>5</b>  |
| <b>ÍÞRÓTTIR .....</b>  | <b>5</b>  |
| <b>LISTIR OG MENNING .....</b>                                 | <b>5</b>  |
| <b>RAUNGREINAR.....</b>  | <b>6</b>  |
| <b>SAMFÉLAGSGREINAR .....</b>                                  | <b>7</b>  |
| <b>TUNGUMÁL.....</b>   | <b>8</b>  |
| <b>VALGREINAR Í BOÐI Á VORÖNN 2017 .....</b>                   | <b>10</b> |
| <b>ÍÞRÓTTIR .....</b>  | <b>10</b> |
| <b>LISTIR OG MENNING .....</b>                                 | <b>10</b> |
| <b>RAUNGREINAR.....</b>  | <b>10</b> |
| <b>SAMFÉLAGSGREINAR .....</b>                                  | <b>11</b> |
| <b>TUNGUMÁL.....</b>   | <b>12</b> |
| <b>HEILSÁRSÁFANGAR .....</b>                                   | <b>14</b> |

## Ágætu nemendur

Nemendur í MA taka að lágmarki 15 einingar í frjálsum vali, eða þrjá áfanga.

Í bæklingnum eru lýsingar á þeim áföngum sem ykkur býðst að taka í frjálsum vali skólaárið 2016 – 2017.

Frjálst val gefur nemendum tækifæri til þess að víkka eða dýpka þekkingu sína á ýmsum sviðum. Af þessum sökum hafa sumir áfangar **undanfara** en aðrir ekki. Mikilvægt er að nemendur kynni sér kröfur um undanfara áður en þeir velja áfanga. Þegar nemendur velja sér áfanga er gott að hafa í huga það nám sem stefnan er sett á í háskóla og skoða **aðgangsviðmið** viðkomandi skóla/deildar. Með frjálsum valinu er hægt að bæta við áföngum sem mælt er með að nemendur hafi sem grunn í tilteknu námi í háskóla.

## Ýmsar reglur sem tengjast vali

Nemendur geta nýtt einingar úr öðrum framhaldsskólum, myndlistarskólum eða tónlistarskólum sem valeiningar.

Nemendur sem eiga aukalega einingar fyrir t.d. skólasókn, kór- eða leiklistarstarf, íþróttir utan skóla, skyndihjálp o.fl., geta ekki nýtt sér þessar einingar í staðinn fyrir frjálst val.

Í sumum áföngum eru fjöldatakmarkanir. Nemendur með bestu skólasóknina ganga fyrir í þá áfanga. Sama gildir þegar áfangar fyllast, þá ganga fyrir nemendur með bestu skólasóknina. Nemendur sem skila vali of seint lenda á biðlista ef áfangi er orðinn fullur.

## Bindandi val

1. Sú almenna regla gildir að nemendur eiga að standa við val sitt.
2. Í undantekningartilvikum geta nemendur sótt um til sviðsstjóra að skipta um valgrein í fyrstu viku annarinnar en þó er einungis tekið tillit til slíkra óska ef hópastærð þeirra valgreina sem um ræðir leyfir.
3. Nemendur geta ekki hætt í valgrein eftir að önn er hafin. Nemandi getur sagt sig úr valgrein áður en önnin hefst, en aðeins ef hópastærð leyfir.

## Val á áföngum í Innu

### 2. bekkur

Nemendur í 2. bekk velja einn áfanga í frjálsu vali fyrir haustönn 2016 (20162) og tvo til vara.

**Val á haustönn 2016 (20162):** Einn áfangi og tveir til vara

### 3. bekkur

Nemendur í 3. bekk velja einn áfanga í frjálsu vali fyrir haustönn 2016 (20162) og tvo til vara. Einn áfanga fyrir vorönn 2017 (20171) og tvo til vara.

**Val á haustönn 2016 (20162):** Einn áfangi og tveir til vara

**Val á vorönn 2017 (20171):** Einn áfangi og tveir til vara

**Síðasti skráningardagur á öllu vali í Innu er föstudagur 1. apríl**

## Leiðbeiningar til nemenda um val á áföngum í Innu

Mundu að alltaf þarf að skrá tvo áfanga til vara í frjálssa valinu.

1. Opnaðu Innu með notendanafni þínu og lykilorði. Athugið að valið fer fram í **gamla viðmótinu í Innu**.
2. Smelltu á hnapp sem heitir NÁMSFERILL (vinstra megin á síðunni).
3. Smelltu á BREYTA NÁMSFERLI (grár rammi hægra megin).
4. Smelltu á SKRÁ ÁFANGA (grár rammi, ofarlega hægra megin).
5. Staðfestu að önnin sé rétt: 20162 fyrir haustönn 2016 eða 20171, fyrir vorönn 2017. ATH að ef þú ert að velja valgrein fyrir báðar annar þarftu fyrst að velja fyrir 20162 og fara síðan út, og skrá því næst fyrir 20171.
6. Skráðu síðan einn áfanga í einu.
  - ✓ Veldu áfanga af listanum.
  - ✓ Uppbygging: Breyttu uppbyggingu í val (fyrir valgreinar).
  - ✓ Val: Áfanginn sem þú velur sem fyrsta val fær nr. 1 í röð vals og hinir tveir fá sjálfkrafa nr. 2 og 3.
7. Smelltu á NÝSKRÁ
8. Ef þú gerir villu og þarft að eyða áfanga: Smelltu á áfangann og veldu EYÐA (neðst í vinstra horni).

**Skrá áfanga** Önn: 20152 Námsferill

Áfangi: FAG1A050 Fatagerð I Fjöldi: 2

Uppbygging: Val Nr. Áfangi Uppbygging Val Forgangur Röð vals Staða Einingar

Val: Varaval 1 BHB3V050 Val Aðalval Nei 1 Áætlun 5

Forgangur: Nei 2 CSI3A050 Val Varaval Nei 2 Áætlun 5

Röð vals: 3 Aðalval: 5.0

Nota villutékk: Já Varaval: 5.0

Aths.: Samtals einingar á önn: 10.0

Nýskrá

## Valgreinar 2016-2017 – Yfirlit

**Haustönn****3. og 4. bekkur, bæði svið**

|          |   |
|----------|---|
| BHB3V050 | Bætt heilsa, betri líðan                |
| CSI3A050 | Réttarvísindi                           |
| ELD2A050 | Eldgos og náttúruhamfarir               |
| FÉL2R050 | Kynjafræði                              |
| FRA2K050 | Franskar kvikmyndir                     |
| ÍSL2C050 | Lesi hratt – lesi mikið                 |
| ÍSL2K050 | Íslenskar kvikmyndir og sjónvarpsþættir |
| ÍSL2Y030 | Yndislestur                             |
| LIS2A050 | Listin og lífið                         |
| LÍF3R050 | Verkleg líffræði                        |
| LJÓ1A050 | Ljósmyndun og grafísk hönnun            |
| MYN1A050 | Myndlist grunnáfangi                    |
| NÆR3V050 | Næringarfræði                           |
| SAG3S050 | Söguhlaðborð                            |
| SÁL2V030 | Námskeið í sálfræði daglegs lífs        |
| STÆ3P050 | Tölvustærðfræði og forritun             |
| VÍM2A050 | Víman, listin, lífið                    |
| ÞÝS2S050 | Berlínarferð                            |

**Áfangar á haustönn sem ekki eru kenndir í stundatöflu**

|          |             |
|----------|-------------|
| ÍSL2Y030 | Yndislestur |
|----------|-------------|

**Heilsársáfangar, allir kenndir utan stundatöflu**

|          |                            |
|----------|----------------------------|
| FAG2A050 | Þjóðbúningasaumur          |
| JAR2Ú050 | Útivist með jarðfræðiivafi |
| MEN2A050 | Mentorverkefnið Vinátta    |

**Vorönn****4. bekkur, bæði svið**

|          |                                |
|----------|--------------------------------|
| EFN3G050 | Ólífræn efnafræði              |
| ENS3W040 | Shakespeare goes to the movies |
| ENS4P040 | Pleasure reading               |
| FÉL2M050 | Mannfræði                      |
| FRA2P050 | París                          |
| ÍSL2Y030 | Yndislestur                    |
| ÍSL3L050 | Laxness og nútíminn            |
| ÍSL3P050 | Barnabókmenntir                |
| ÍÞR3V050 | Ræktin í 4. bekk               |
| LJÓ1A050 | Ljósmyndun og grafísk hönnun   |
| LÍF3Ö050 | Örverufræði                    |
| MYN1A050 | Myndlist grunnáfangi           |
| NOS1A050 | Norska og sænska               |
| SAG3M050 | Sagan okkar                    |
| STÆ3L050 | Línuleg algebra                |
| STÆ3T050 | Tölfræði II                    |

**Áfangar á vorönn sem ekki eru kenndir í stundatöflu**

|          |                  |
|----------|------------------|
| ENS4P040 | Pleasure reading |
| ÍSL2Y030 | Yndislestur      |

## Valgreinar í boði á haustönn 2016

### 2. og 3. bekkur RGS og TFS

#### Íþróttir

#### **BHB3V050 Bætt heilsa, betri líðan**

Í áfanganum á nemendum að gefast tækifæri til að byggja sig upp og bæta lífstíl sinn líkamlega og andlega. Þeir fá hvatningu til að efla sig á sem fjölbreyttastan hátt og nýta sér stuðning hvers annars. Skipulögð hreyfing er þrisvar sinnum í viku, blandaðir tímar fyrir þol, styrk og liðleika. Unnið er sameiginlega að gagnagrunni eins og að útbúa matseðla og teknar saman einfaldar og hollar uppskriftir. Æft sig í að búa sér í haginn og spara þar með pening og tíma í leiðinni. Hver og einn setur sér markmið hvað varðar heilsu, lífstíl, næringar og líkamsástand. Leitast verður við að allir finni sína hreyfingu.

**Námsmat:** Mæting, vinnusemi og virkni. Gerð og framkvæmd æfingaáætlunar. Matardagbók og fleiri stutt verkefni.

#### Listir og menning

#### **MYN1A050 Myndlist grunnáfangi**

Í áfanganum er einkum fjallað um tvívíddarmyndir og áhersla lögð á grunn í samsetningu, teikningu og málalartist. Fjallað er um efnisnotkun og tækni, eftirmyndir og túlkanir, sköpunarmátt og hvernig hægt er að virkja hann í myndlist. Kynning á myndlistarmönnum og myndlistarstefnum er fléttuð inn í kennsluna þar sem við á og tekin dæmi úr evrópskri og íslenskri myndlist.

**Námsmat:** 100% símat

**Efnisgjald:** Nemendur greiða efnisgjald (5-6000 kr.) í stað bókakostnaðar.

**ATH.** Hugsanlega verður áfanginn kenndur utan stundaskrár (tvisvar í viku).



#### **LIS2A050 Listin og lífið**

Í þessum áfanga verður skoðað hvernig mismunandi listform leitast við að endurspegla, endurskapa og gagnrýna manneskjuna, menninguna, samfélagið, hvata- og vitsmunalífið. Heimsóttir verða listviðburðir og efni þeirra og uppsetning tengd sálfræði, heimspeki, bókmenntafræði eða öðru sem nemendur hafa aldur og tök til. Miðað er við um átta misunandi viðburði þar sem um helmingur eru sameiginlegir en hinn helminginn sækja nemendur eftir áhugasviði. Aðgangseyri þurfa nemendur sjálfir að sjá um að greiða. Nemendur halda dagbók um viðburðina og deila með öðrum þátttakendum reynslu sinni og skoðunum. Tímasókn er samkvæmt samkomulagi í upphafi annar og svo á viðburði.

**Námsmat:** Byggir á ástundun og dagbókum.

#### **LÍÓ1A050 Ljósmyndun og grafísk hönnun: Hagnýting í hversdagslífi**

Helstu efnisþættir áfangans eru ljósmyndun, s.s. grunnur í samsetningu, ljósmyndatækni og áhrif ljósmynda. Fjallað er um stafrænar myndir, helstu eiginleika þeirra, hvernig hægt er að betrumbæta þær, flokka, geyma og skipuleggja í tölvunni. Nemendur læra að gera stafrænar klippimyndir og farið er í grunnatriði í gerð auglýsinga og plakata. Leturfræði og umbrot (layout) eru til umfjöllunar ásamt myndgreiningu. Einnig er rætt um myndir og áhrif þeirra í fjölmiðlun og auglýsingum.

**Efnisgjald:** Nemendur greiða efnisgjald (2-3000 kr.) í stað bókakostnaðar.

**Námsmat:** 100% símat



## Raungreinar

### CSI3A050 Réttarvísindi (Glæparannsóknir)

Réttarvísindi er vítt hugtak sem nær yfir fjölmargar greinar innan vísindanna sem aðstoða réttvísina með lausn sakamála. Dæmi um undirgreinar réttavísinda er t.d. réttarefnafræði, réttartannlæknisfræði, réttarlæknisfræði og réttarsálfræði. Í áfanganum verður farið yfir grunnatriði nokkurra undirgreina réttarvísindanna og raunveruleg atvik skoðuð sem ýmist leiddu til sýknu eða dóms sakbornings í málum sem mikið bar á í heimsfréttum. Sérstök áheyrsla er á fingrafarargreiningu, greiningu á glerbrotum, eiturefnagreiningu, hárgreiningu, blóð og blóðslettugreiningar og DNA greiningu. Þá verður jafnframt farið yfir vinnulag á vettfangi glæpa.

**Undanfarar:** EFN2A eða EVI2A.

**Námsefni:** Námsefni frá kennara.

**Námsmat:** Annareinkunn 40%, lokapróf 60%

### ELD2A050 Eldgos og náttúruhamfarir

Í áfanganum verður fjallað um náttúruhamfarir svo sem eldgos, jarðskjálfta, flóð, fellibylji og skýstokka. Megináherslan verður á eldstöðvar bæði hérlendis og erlendis, gerðir þeirra, hættuna sem stafar af þeim og ástæður fyrir virkni þeirra. Farið verður í vöktun eldstöðva og þá tækni sem nýtt er til að fylgjast er með þeim. Fjallað verður um jarðskjálfta og því sem þeim fylgir. Hvar verða jarðskjálftar í heiminum, hvers vegna og hverju geta þeir valdið. Skoðaðar verða helstu gerðir flóða, orsakir þeirra og afleiðingar. Að lokum koma inn veðurfarsþættir eins og fellibyljir, skýstrokkar og annað sem valdið getur hörmungum eins og risahaglél, hita- og kuldabylgjur.

**Námsefni:** Efni frá kennara. Nemendur þurfa að gera ráð fyrir kostnaði við að fara dagsferð til að skoða eldstöðvar í Norður-gosbeltinu.

**Námsmat:** Símat sem endar á ráðstefnu í lok skólaárs. Ekkert lokapróf.

**Forkröfur:** Náttúrulæsi

### LÍF3R050 Verklegr líffræði

Nemendum gefst kostur á að velja sjálfir á milli fjölbreytta verklegra æfinga innan líffræði. Æfingarnar ná yfir m.a smásjárskoðun, plöntugreiningar, bakteríuræktun- og litun og fjölbreyttra krufninga. Markmið áfangans er að þjálfar nemendur í vönduðum vinnubrögðum, sjálfstæði í heimildaröflun og skýrslugerð.

**Námsmat:** 100% símat sem felst í vinnubrögðum, skýrslugerð og rannsóknarverkefni

**Undanfari:** LÍF2A050 eða LÍF2B050

### NÆR3V050 Næringarfræði

**Undanfarar** – Líf 2A050 eða 3A050.

Markmið áfangans er að nemendur öðlist þekkingu á grundvallarþáttum næringarfræðinnar, verði færir um að draga sjálfstæðar ályktanir um hvað sé hollt og hvað óhollt og verði meðvitaðir um eigin ábyrgð á góðri næringu og heilsu. Að áfanga loknum á nemendum að vera ljóst hvers virði góðar neyslunjur eru fyrir Íslendinga sem heilbrigða þjóð. Nemendur eiga að loknu námskeiðinu að vera færir um að mynda sér skoðanir á næringu og lífsstíl og hvernig nýta megi ráðleggingar Lýðheilsustöðvar.

**Námsefni:** Lífsþróttur næringarfræði fróðleiksfúsra. Höfundur: Ólafur Gunnar Sæmundsson. Einnig mun kennari benda nemendum á gagnlegan fróðleik og greinar á ýmsum netsíðum og í tímaritum og blöðum jafn óðum.

**Kennsluhættir:** Fer fram með fyrirlestrum, vinnu í hópum og rannsóknarvinnu.

**Námsmat:** Símat

**Athugið** að þeir sem eru á þjálfunarlínu geta ekki valið þennan áfanga.



### STÆ3P050 Tölvustærðfræði og forritun

Áfanginn er ætlaður nemendum í 3. og 4. bekk á raungreinasviði. Undirstöðuatriði og helstu hugtök forritunar verða kynnt með hjálp tákneiknisins Octave eða annarra forritunarmála. Nokkur stærri forritunarverkefni verða leyst á önninni.

Umbrotsforritið TeX ásamt merkjamálinu LaTeX verður kynnt fyrir nemendum og það notað til útbúa sniðmát fyrir skýrslu eða ritgerð sem nýtist í framhaldsnámi.

**Undanfari:** STÆ3C050

**Námsefni:** Efni frá kennara

**Námsmat:** Verkefni á önninni og lokapróf

### Samfélagsgreinar

#### FÉL2R050 Kynjafræði

Nemendur fá kynningu á kynjafræði, jafnréttisbaráttu, rauðsokkum og femínisma. Þeir fá innsýn í fjölbreytileika mannlífsins og þjálfast í að skoða heiminn með kynjagleraugun á nefinu. Saga jafnréttisbaráttunnar verður skoðuð sem og vinnumarkaðurinn, kynbundið ofbeldi, stjórnkerfið og rýnt verður m.a. í fjölmiðla, bækur og kvikmyndir. Staðalmyndir, tíska, tónlist, vændi og klám verður m.a. tekið fyrir.

Áfanginn byggir á fyrirlesturum frá kennara (gestafyrirlesurum), fjölbreyttri verkefnavinnu, umræðu og sjálfstæðri vinnu nemenda.

**Námsmat:** Símat

#### SAG3S050 Söguhlaðborð

Hefur þú áhuga á sögu en vilt ekki sitja heilan áfanga um eitt afmarkað efni eða tímabil? Þá er lausnin fundin. Sögudeildin býður upp á áfanga þar sem hver nemandi ræður hvaða efni og/eða tímabil hann vill dýpka þekkingu sína á.

Engu máli skiptir hvort um er að ræða löngu liðna atburði eða eitthvað í nútímanum. Að sjálfsögðu er líka hægt að fara út fyrir þægingdaramma kennslubókanna og fjalla um sögu fjarlæggra landa, hugmynda og lista. Hvernig væri að læra um sögu Ástralíu, Indlands, Afríku, Grænlands, Suður-Ameríku, Filippseyja eða réttindabaráttu minnihlutahópa eða þjóðarbrotu? Svo mætti líka rannsaka eigin fjölskyldusögu.

Eins og gefur að skilja verður að mestu leyti um einstaklingsmiðað sjálfsnám að ræða þar sem kennari aðstoðar við heimildaöflun og úrvinnslu.

**Námsmat:** 100% símat í samráði við kennara

#### SÁL2V030 Námskeið í sálfræði daglegs lífs

Áfanginn er samtvinnaður út frá félags- og sálfræði og kennarar koma úr báðum greinum. Helsta markmið áfangans er að nemendur efli sjálfsmynd sína og læri leiðir til að auka vellíðan. Nemendur fá innsýn í hugtök og rannsóknir í jákvæðri sálfræði, núvitundarfræðum o.fl. og prófa á eigin skinni ýmsar hamingju-, slökunar- og núvitundaræfingar. Einnig verður skoðað hvað í boði er á Akureyri til að bæta andlega og líkamlega heilsu fólks.

Nemendur rýna í les- og myndefni frá kennurum, fá þjálfun í markmiðssetningu og lögð er áhersla á að nemendur geri sér grein fyrir hvernig hugsanir hafa áhrif á líðan og hegðun. Nemendur læra auk þess nokkrar aðferðir til að leysa ágreining, gagnrýna á uppbyggilegan hátt og taka við gagnrýni. Farið verður í a.m.k. eina vettvangsferð í áfanganum.

**Námsmat:** Símat er í áfanganum og því ekkert lokapróf en hins vegar er 90% mætingarskylda.

**Námsefni:** Efni frá kennurum.

**Athugið:** Nemendur sem eru á sálfræðikjörsviði geta ekki valið þennan áfanga.

### VÍM2A050 Víman, listin, lífið

Hér skoðum við djammið og dópið frá ýmsum hliðum. Fjallað verður um vímuefni og tengsl við tónlist, bíómyndir, bókmenntir og lífið sjálft. Auk þess verður farið í hvers konar fíkn og öfgar, áhættuhegðun, meðvirkni, meðferðarúrræði og lífsstíl af ýmsum toga. Markmiðið er að upplýsa, efla gagnrýna hugsun, hlýða á sjónarmið nemenda, styrkja sjálfsmynd þeirra og gera þá hæfari til að takast á við áskoranir og valkosti í lífinu.

**Námsefni:** Efni á Moodle, myndbönd, kvikmyndir, tónlist

**Námsmat:** Ögrandi og skapandi verkefni, ekkert lokapróf.

### Tungumál

#### FRA2K050 Franskar kvikmyndir

Frönsk kvikmyndasaga verður skoðuð út frá mismunandi tímabilum allt frá fyrstu kvikmynd Lumière bræðra til dagsins í dag. Fjallað verður um helstu strauuma og stefnur, leikstjóra, leikara og kvikmyndir hvers tímabils fyrir sig. Nemendur eiga að vinna fjölbreytt verkefni úr hverju tímabili og kafa þannig dýpra ofan í efnið. Áfanginn er kenndur á íslensku svo hann er opinn bæði þeim sem hafa lært frönsku og þýsku sem 3. mál. Ekkert lokapróf er í áfanganum heldur eru ýmis verkefni unnin yfir önnina, svo sem kvikmyndagagnrýnir, fyrirlestrar um fræga leikara og leikstjóra og fleira.

**Námsmat:** Símat

#### ÍSL2C050 Lesa hratt – lesa mikið

Leshraði skiptir máli þegar lesa þarf mikið, til dæmis þegar komið er í háskóla, en ekki er hægt að lesa allt jafnhratt ef það á að verða til árangurs. Valgreinin **Lesu hratt og lesu mikið** hefst á 4 vikna hraðlestrarnámskeiði en í kjölfar þess lesa nemendur margvíslega texta, íslenska sem erlenda, allt frá skáldskap til vísinda, og gera munnlega og skriflega grein fyrir sérhverju verkefni. Þá verða kennslustundirnar vinnutímar og einn dagur vikunnar notaður til að gera grein fyrir niðurstöðum. Leshraði verður mældur af og til svo og í lokin.

**Undanfari:** ÍSL2A040

**Námsefni:** Bækur í eigu skólans.

**Námsmat:** Stutt lokapróf verður á próftíma þar sem nemendur gefa skýrslu, skrásetja reynslu sína, sýna ferli í hraða og árangri með töflu/línuriti og meta breytingar á lestrarlagi sínu.

#### ÍSL2K050 Íslenskar kvikmyndir og sjónvarpsþættir

Í áfanganum verða íslenskar kvikmyndir og sjónvarpsþættir teknir til umfjöllunar með hliðsjón af kvikmynda- og bókmenntafræði (klassískar erlendar kvikmyndir munu líka fljóta með). Í viku hverri verður horft á eina kvikmynd í fullri lengd (eða annað sjónvarpsefni) og hún síðan rædd og um hana ritað. Nemendur fá tækifæri til að vinna að stuttmynd. Lykilspurning: Hvernig hefur umhverfið mótað okkur Íslendinga? Hvaða máli skiptir búseta fyrir okkur sem manneskjur? (Hafið, sveitin, borgin) Sem sagt: Er svara við þessum spurningum að leita í íslenskum kvikmyndum? Aðrar spurningar: Einkenni á íslenskum kvikmyndum? Geta íslenskar kvikmyndir sagt okkur eitthvað um þróun íslensks samfélags? (t.d. er varðar tungumálið, samskipti, hefðir). Sameiginleg einkenni íslenskra kvikmynda? Besta íslenska myndin? Bregða íslenskar myndir upp raunsannri mynd af samfélaginu? Þurfum við á íslenskum kvikmyndum að halda? Eru einhver stef, umfjöllunarefni sem koma fyrir aftur og aftur? Aðalmálið er að skoða íslenskt samfélag og breytingar á því. Stefnt verður að því að fá leikstjóra, handritshöfund eða gagnrýnanda í heimsókn. Að sjálfsögðu verður farið í bíó ef áhugaverða íslenska mynd rekur á fjöurnar.

**Námsefni:** Engar námsbækur liggja til grundvallar en nemendur geri ráð fyrir kostnaði við ca. 2 bíóferðir. Skyldumæting er í þessar ferðir. Ef nemendi kemst ekki með hópnum skal hann fara á eigin vegum við fyrsta tækifæri.

**Námsmat:** Áfanginn er próflaus. Athugið að það er mætingaskylda í áfanganum.

### ÍSL2Y030 Yndislestur

Þessi áfangi byggist á sjálfstæðum vinnubrögðum nemenda og skipulagshæfni þeirra. Þeir velja sér hver um sig 5 skáldsögur af bókalista, frumlesa þær sjálfstætt á tilteknum tíma og gera kennara grein fyrir þeim í einkaviðtölum. Þeir þurfa að undirbúa viðtalstímana, skila örstuttum skýrslum daginn fyrir viðtölin og vera tilbúnir að svara fyrirspurnum um sögurnar.

**Undanfari:** ÍSL2A040

**Námsefni:** Bókalistar sem kennarar leggja fram.

**Námsmat:** Fimm munnleg próf og umræður um bækurnar.

### ÞÝS2S050 Berlínarferð

Undanfari: ÞÝS2A050

Áfanginn er ætlaður nemendum í 3. og 4. bekk sem lært hafa þýsku og hafa áhuga á að fara í sögu- og menningarferð til Berlínar.

Hvað er Brandenburger Tor, Gedächtniskirche, Berliner Mauer, Alexanderplatz, Potsdamer Platz, East Side Gallery, Museumsinsel og Nefertiti. Hvaða áhrif hafði síðari heimsstyrjöldin á Berlín? Hvað gerðist á árið 1961? En á árunum 1989-1990? Og hvernig er borgin í dag? Hvaða söfn eru spennandi? Hvernig er mannlífið og matargerðarlistin? Hvað laðar ungt fólk að borginni? Hvaða byggingar og hverfi eru spennandi? Þetta ásamt fleiru verður tekið fyrir í áfanganum.

Nemendur undirbúa langa helgi í Berlín. Þeir setja sig inn í sögu borgarinnar, samgöngur, áhugaverða staði og annað sem vert er að skoða eða gera og kynna fyrir hópnum. Sameiginlega verður síðan ákveðið hvað á að skoða í Berlín og dagskrá ferðarinnar sett saman. Þátttakendur verða að vera tilbúnir að leggja á sig undirbúningsvinnu og taka þátt í skipulagi ferðarinnar. Hópurinn hittist þegar að vori 2016 til að ræða fjármál og dagsetningar.

**Kostnaður:** Hver og einn sér um að greiða sinn ferðakostnað.

**Námsmat:** Nemendur mæta í tvær til þrjár kennslustundir á viku, taka þátt í ferðinni og vinna að undirbúningi og úrvinnslu með ýmis konar verkefnavinnu á þýsku og íslensku. Verkefni verða ýmist hóp-, para- eða einstaklingsverkefni. Til að ljúka áfanganum þarf að taka þátt í ferðinni ásamt öllum verkefnum áfangans. Ekki er gefin einkunn heldur einungis lokið eða ólokið.

## Valgreinar í boði á vorönn 2017

### 4. bekkur, bæði svið

#### Íþróttir

##### ÍPR3V050 Ræktin í 4. bekk

**Undanfari:** ÍPR3B010

Nemendum gefst hér kostur á að hreyfa sig sér til heilsubótar bæði líkamlega og andlega. Skipulögð hreyfing þrisvar sinnum í viku, tvær kennslustundir í senn. Tveir dagar í ræktinni og einn í íþróttahúsi. Leitast er við að hafa hreyfinguna sem fjölbreyttasta og nemendur studdir í því að vinna sjálfstætt eftir fyrirfram ákveðinni áætlun í ræktinni. Eins verður boðið upp á boltaíþróttir margskonar, hópefli í gegnum leiki, jóga og fleira. Umræður um heilsutengd efni eins og matarræði, fæðubótarefni, lyfjamisnotkun og fleira sem upp getur komið.

**Námsmat:** Gerðar eru kröfur um lágmarksmætingu og mun mæting gilda helming á móti vinnusemi og ástundun í tímum. Engar afkastamælingar munu fara fram sem yrðu metnar til einkunna en nemendum þó gefinn kostur á að taka mælingar ef þeir óska þess svo og aðstoðaðir við aðrar líkamsmælingar.

#### Listir og menning

##### MYN1A050 Myndlist grunnáfangi

Í áfanganum er einkum fjallað um tvívíddarmyndir og áhersla lögð á grunn í samsetningu, teikningu og málalalist.

Fjallað er um efnisnotkun og tækni, eftirmyndir og túlkanir, sköpunarmátt og hvernig hægt er að virkja hann í myndlist. Kynning á myndlistarmönnum og myndlistarstefnum er fléttuð inn í kennsluna þar sem við á og tekin dæmi úr evrópskri og íslenskri myndlist.

**Námsmat:** 100% símat

**Efnisgjald:** Nemendur greiða efnisgjald (5-6000 kr.) í stað bókakostnaðar.

**ATH.** Hugsanlega verður áfanginn kenndur utan stundaskrár (tvisvar í viku).



##### LJÓ1A050 Ljósmyndun og grafísk hönnun: Hagnýting í hversdagslífi

Helstu efnisþættir áfangans eru ljósmyndun, s.s. grunnur í samsetningu, ljósmyndataekni og áhrif ljósmynda. Fjallað er um stafrænar myndir, helstu eiginleika þeirra, hvernig hægt er að betrumbæta þær, flokka, geyma og skipuleggja í tölvunni. Nemendur læra að gera stafrænar klippimyndir og farið er í grunnatriði í gerð auglýsinga og plakata. Leturfræði og umbrot (layout) eru til umfjöllunar ásamt myndgreiningu. Einnig er rætt um myndir og áhrif þeirra í fjölmiðlun og auglýsingum.

**Efnisgjald:** Nemendur greiða efnisgjald (2-3000 kr.) í stað bókakostnaðar.

**Námsmat:** 100% símat



#### Raungreinar

##### EFN3G050, Ólífræn efnafræði

Í áfanganum er fjallað ítarlega um hraða efnahvarfa, jónunarorku, rafsækni og komplex sambönd. Skoðað er gaumgæfilega samband staðsetningar efna og efnaflokka í lotukerfinu við eiginleika þeirra. Í framhaldi af því fylgir dýpri umfjöllun um valin frumefni úr hópi málma og málmleysingja þar sem krafist er rannsóknar- og verkefnavinnu nemenda. Þar eru m.a. framkvæmdar tegundagreiningar efna. Helstu markmið áfangans eru að nemendur; kunni skil á helstu atriðum varðandi hraða efnahvarfa, geti lýst því hvernig ýmsir eiginleikar efna, svo sem rafdrægni, jónunarorka og stærð

atóma, breytast þegar farið er út eftir lotukerfinu, þekki helstu atriði varðandi komplex efnasambönd. Einnig að nemendur; kunni ítarleg skil á eiginleikum, framleiðslu og mikilvægustu efnasamböndum valinna frumefna svo sem áls, níturs, brennisteins, halógena og málma eins og alkalímálma, geti framkvæmt sjálfstætt flóknari útreikninga byggða á efnajöfnum og framkvæmt sjálfstætt efnagreiningar og aðrar einfaldar efnarannsóknir.

Einkum er notast við fyrirlestra með umræðum og dæmatíma auk þess sem mikil áhersla er lögð á verklega kennslu. Í verklegum þætti þessa áfanga fá nemendur þjálfun í ómagnbundinni efnagreiningu og fá í leiðinni mikla þjálfun í meðferð efna og áhalda.

**Námsmat;** símat, verklegt próf og lokapróf

### LÍF3Ö050 Örverufræði

Áfanginn fjallar um flokkun, gerð og tilvist smásæja vera. Til smásæja vera teljast bæði heilkjarna og dreifkjarna lífverur, en einnig lífræn efni eins og veirur og smitbær prótein (príon). Farið verður í flokkunarfræði örvera og erfðabætti þeirra, áhrif örvera á umhverfi og líkama, sýklafræði og varnir og notkun örvera í líftækni.

**Undanfari:** LÍF2A050 eða LÍF2B040

**Námsmat:** Verklegar æfingar 30%, miðannarpróf 30%, lokapróf 40%.

### STÆ3L050 Línuleg algebra

Áfanginn er ætlaður nemendum í 4. bekk á raungreinasviði. Mjög góður undirbúningur undir frekara nám í raungreinum, verkfræði og stærðfræði fyrir þá sem vilja standa vel að vígi þegar á hólminn er komið. Farið verður í fylkjareikning, lausnir línulegra jöfnuhneppa, ákveður, vigra og vigurrúm, eigingildi, eiginvigra og hornalínugerning.

**Undanfari:** STÆ3D050

**Námsefni:** Stuðst er við bókina Introductory Linear Algebra: An Applied First Course (8. útg.) eftir Bernard Kolman og David R. Hill.

**Námsmat:** Verkefni á önninni og lokapróf.

### STÆ3T050 Tölfræði II

Áfanginn er ætlaður nemendum í 4. bekk á tungumála- og félagsgreinasviði, sérstaklega þeim sem vilja bæta við sig 3. þreps áfanga í stærðfræði, eins og tilgreindur er sem æskilegur undirbúningur fyrir ýmiskonar nám í háskóla.

Í fyrri hluta áfangans er bætt við umfjöllun um tilgátuprófanir úr STÆ2T050 og skoðuð fleiri próf eins og t.d. ANOVA og kí-kvaðrat, en einnig litið á alfa og beta skekkjur og ýmislegt fleira. Í seinni hluta áfangans er byggt ofan á efni áfangans STÆ2F050 og þar verður fjallað um rökfræði, ferlarannsóknir og heildunarreikning.

**Undanfarar:** STÆ2T050 og STÆ2F050

**Námsefni:** Efni frá kennara

**Námsmat:** Verkefni á önninni og lokapróf

## Samfélagsgreinar

### FÉL2M050 Mannfræði

Í áfanganum fá nemendur að kynnast mannfræði og undirgreinum hennar. Viðfangsefni mannfræðinnar er manneskjan sem lífvera og sem félagsvera. Nemendur fá að kynnast mismunandi menningarheimum á mismunandi tímum. Meðal þess sem er tekið fyrir er fjölbreytileiki í fjölskylduformum, stéttaskipting, kynhlutverk, menningarbundin kynhneigð, trú og tákni o.fl. Meðal þess efnis sem er skoðað út frá líffræðilegri mannfræði er fjölbreytileiki mannkyns og kynþáttavandinn, prímatufræði o.fl.

**Námsefni:** Gunnar Þór Jóhannesson og Þórður Kristinsson. (2010). Mannfræði fyrir byrjendur. Reykjavík: Mál og menning.

## Námsmat: Verkefni og lokapróf

### SAG3M050 Sagan okkar

Út um allar trissur finnast heimildir um Menntaskólann á Akureyri,- gamlar sögur og nýjar. Aðallega eru þessi gögn í förum skólans en ef allt er talið út um allt land hjá hverjum þeim sem tengist skólanum. Hugmyndin er sú að bjóða upp á valgrein þar sem unnið verður með sögu skólans,- ekki hina formlegu opinberu sögu,- heldur söguna í sögunni, sögur af nemendum, kennurum, fyrirbærum, hópum og tíðaranda. Aðalafurð áfangans yrði u.þ.b tveggja tíma dagskrá flutt í maímánuði 2017 þar sem tvinnuð yrði saman smáþáttum og sviptmyndum úr sögu skólans frá 1930 til dagsins í dag. Stuttir glærustuddir fyrirlestrar og myndbönd sem hugsanlega gætu verið sviðsett og leikin eru dæmi um það sem vel gæti farið í slíkri dagskrá.

Áfanginn verður að mestu leyti utan stundaskrár og án sérstaks lokaprófs.

### Tungumál

#### ENS3W040 Skáldið á skjánum - Shakespeare goes to the movies

Áfanginn er ætlaður nemendum í 4. bekk af báðum sviðum

Þessi áfangi er hannaður með það að markmiði að veita nemendum tækifæri til þess að kynnst nokkrum helstu leikritum William Shakespeare, án þess þó að þurfa að leggjast í mikinn lestur. Í tíma verður farið yfir söguþræði, persónur og þemu leikritana og skoðaðar verða ýmsar birtingarmyndir Shakespeare í sjónvarpi og kvikmyndum. Meðan á önninni stendur vinna nemendur að 5-6 stórum verkefnum sem tengjast þessum leikritum og persónum þeirra, með áherslu á skapandi skrif.

Áfanginn veitir nemendum innsýn inn í menningarheim Shakespeare og ólíkar birtingarmyndir leikrita hans. Hann byggir á öllum fjórum færniþáttum tungumálanáms, ólíkri túlkun texta, og sköpun.

Áfanginn byggir á sjálfstæðu námi nemenda sem og hópavinnu.

**Námsmat:** Áfanginn er próflaus og gilda öll verkefni annarinnar til lokaeinkunnar.

#### ENS4P040 Pleasure reading

Áfanginn er ætlaður nemendum í 4. bekk af báðum sviðum

Takmarkaður fjöldi tekinn inn

Þessi áfangi hentar vel nemendum sem vilja lesa sér til ánægju og um leið breikka orðaforða sinn og dýpka skilning sinn á ritaðri ensku með því að lesa lengri samfellda texta. Nemendur velja sér fimm bækur af bókalista í samráði við kennara til að lesa yfir önnina. Listinn er byggður upp af skáldsögum eftir þekktu höfunda, skáldverk sem mörg hver eru talin tímamótaverk á enskri tungu og oft er vísað til. Ekki er gert ráð fyrir hefðbundinni kennslu, en á tveggja til þriggja vikna fresti, eða fimm sinnum á önninni, hittir nemandinn kennarann og gerir munnlega grein fyrir því skáldverki sem hann hefur verið að lesa. Umfjöllunin skal vera ítarleg og ígrunduð og mun kennarinn spyrja út í verkið.

**Námsmat:** Fimm viðtöl, eins konar munnleg próf sem dreift er yfir önnina.

#### FRA2P050 París

Viðfangsefni áfangans er París, saga hennar, mannlif, og menning í víðustu merkingu. Nemendur afla sér þekkingar um borgina og sögu hennar frá upphafi til samtímans. Þeir vinna verkefni um ýmis þekkt minnismerki og kennileiti borgarinnar og kynna síðan niðurstöður sínar fyrir öðrum í hópnum á frönsku eða íslensku. Nemendur kynna sér meðal annars almenningsamgöngur í borginni, daglegt líf íbúanna og hverfi borgarinnar.

Nemendur lesa heimildarefni um París, horfa á kvikmyndir sem tengjast borginni og hlusta á tónlist sem tengist henni. Eftir nokkurra vikna vinnu er farið í vikuferð til Parísar þar sem nemendur afla sér efnis til kynningar. Eftir heimkomuna vinna nemendur með þetta efni og semja fyrirlestra um niðurstöður sínar. Áfanganum líkur svo með skriflegri frásögn af ferðinni og munnlegu prófi. Nemendur bera sjálfir allan kostnað af Parísarferðinni.



Þeir nemendur sem velja áfangann verða fljótlega kallaðir á fund þar sem farið verður yfir fjármögnun og staðfestingu ferðarinnar.

**Undanfari:** FRA1C050

**Námsefni:** Frá kennara.

**Námsmat:** Símat (ýmis konar verkefnavinna), Parísarferð.

### ÍSL3P050 Barnabókmenntir

Í áfanganum kynnst nemendur sögu og þróun íslenskra barna- og unglingabókmennta og fræðast um mál- og menningarheim barna; máltöku, málþroska og ritun. Grúskað verður í bókum, gömlum og nýjum. Nemendur fá þjálfun í lestri fræðigreina um efnið og gera grein fyrir lestrarreynslu sinni munnlega og skriflega. Einnig er stefnt að vettvangsferðum og/eða gestaheimsóknum.

**Undanfari:** ÍSL3B040

**Námsmat:** Fyrirlestrar, rannsóknarverkefni, skapandi verkefni, próf.

### ÍSL3L050 Laxness og nútíminn

Í áfanganum kynnst nemendur skáldverkum Halldórs Laxness. Lesnar verða 6 skáldsögur (valið í samráði við nemendur) horft á myndbrot úr kvikmyndum eftir sögum hans og gluggað í greinar. Leshringir verða stofnaðir um þær bækur sem lesnar verða og nemendur hvattir til að taka þátt í umræðum auk þess sem þeir fá þjálfun í markvissri ritun og skapandi skrifum.

**Undanfari:** ÍSL3B040

**Námsefni:** Skáldverk, greinar á Moodle, bækur um Halldór Laxness, myndefni, RUV

**Námsmat:** Fyrirlestrar, viðtöl, umræður, rannsóknarverkefni, skapandi verkefni

### ÍSL2Y030 Yndislestur

Þessi áfangi byggist á sjálfstæðum vinnubrögðum nemenda og skipulagshæfni þeirra. Þeir velja sér hver um sig 5 skáldsögur af bókalista, lesa þær sjálfstætt á tilteknum tíma og gera kennara grein fyrir þeim í einkaviðtölum. Þeir þurfa að undirbúa viðtalstímana, skila örstuttum skýrslum daginn fyrir viðtölin og vera tilbúnir að svara fyrirspurnum um sögurnar.

**Undanfari:** ÍSL2A040

**Námsefni:** Bókalistar sem kennarar leggja fram.

**Námsmat:** Fimm munnleg próf og umræður um bækurnar.

### NOS1A050 Norska og sænska

Í áfanganum verður farið í bæði norsku og sænsku. Gert er ráð fyrir að nemendur byggi á dönskugrunni og því er ekki um eiginlegan byrjunaráfanga að ræða. Lögð verður áhersla á að skoða muninn á tungumálunum og læra að þekkja í hverju sá munur er fólgin. Lesnir verða einfaldir textar á báðum tungumálum, bæði úr fjölmiðlum en einnig smásögur. Að auki verður hlustun æfð, fyrst og fremst með sjónvarpsefni. Markmiðið er að nemendur nái að auka skilning sinn á „hefðbundinni“ norsku og sænsku.

**Námsefni:** Efni úr smiðju kennara.

**Námsmat:** Símatáfangi án lokaprófs.

## Heilsársáfangar

### FAG2A050 Þjóðbúningasaumur

Heimiliðsiðnaðarskólinn í samstarfi við Handraðann, Þjóðháttafélag Eyfirðinga, býður upp á námskeið í þjóðbúningasaumi í Laugalandi.

Kennt er tvær helgar á önn frá 10-17 báða daga. Nemendum sem eru að hefja nám í þriðja bekk býðst að velja þetta námskeið sem valgrein. Saumaður er annað hvort upphlutur eða peysuföt og er máltaka í fyrsta tíma.

Fyrir þær stúlkur sem kjósa að sauma á sig upphlut verður í boði að læra baldýringu I og II, þar sem þær fá aðstoð við að setja upp og sauma borða á upphlutinn.

Sjá nánar á [www.buningurinn.is](http://www.buningurinn.is).

Nemendur mæta með saumavél og áhöld. Allt efni og tillegg er fánlegt í verslun

Heimilisiðnaðarfélagsins. Námskeiðisgjald fyrir hverja helgi er 35.500 krónur eða 71 þúsund fyrir önnina (efni ekki innifalið).

Námsmat byggist á mætingu en ætlast er til að nemendur sinni verkefninu samviskusamlega. Stefnt er að því að búningar verði tilbúnir fyrir útskrift.

Áhugasömum er bent á að afla sér frekari upplýsinga hjá sviðsstjórum eða hjá umsjónamanni námskeiðsins, Kristínu Breiðfjörð ([kristinbreidfjord@gmail.com](mailto:kristinbreidfjord@gmail.com))

### JAR2ÚV050 Útivist með jarðfræðiívaði

Áfanginn byggist á útivistarferðum sem farnar verða yfir önnina. Tilgangur ferðanna er að efla umhverfisvitund nemendanna og flétta saman vettvangsvinnu í jarðfræði, landafræði og líkamsrækt. Nemendur eiga að verða færir um að skipuleggja og búa sig til gönguferða. Þeir eiga að fá holla hreyfingu út úr áfanganum en um leið fá yfirsýn og þekkingu á þeim jarðfræðilegu lögmálum sem hvarvetna má sjá ummerki um. Hver ferð verður undirbúin með tilheyrandi heimildavinnu. Ferðirnar eru ekki farnar á skólatíma og gera þarf ráð fyrir að taka frá tíma til þess að ná að stunda vinnu í áfanganum.

**Námsefni:** Efni frá kennara, nemendur þurfa þó að gera ráð fyrir einhverjum kostnaði í ferðir.

**Námsmat:** Að lágmarki 80 % mætingaskylda sem gildir 50% af lokaeinkunn. Hin 50% eru í formi verkefna. Ekkert lokapróf.

### MEN2A050 Mentorverkefnið Vinátta

Orðið mentor er notað um nokkurs konar leiðbeinanda sem aðstoðar barn við að víkka sjóndeildarhringinn. Áfanginn er skipulagður á þann hátt að nemendur áfangans eyða tveimur klukkustundum á viku með grunnskólabarni á aldrinum 9-10 ára.

Samverustundirnar eiga fyrst og fremst að vera skemmtilegar og uppbyggjandi og mentor skipuleggur þær í samráði við kennara, barnið og foreldra þess. Dæmi um samverustundir gætu verið að baka saman, fara á kaffihús, í gönguferð, bíó, sund, skauta, o.s.frv. - allt eftir áhuga mentors og barns.

Nemendur hitta kennara nokkrum sinnum á skólaárinu, skila dagbókum og minningabók og mæta á sameiginlega viðburði (upphafsdagur, jólahátíð, lokahátíð).

Áfanginn hefst í október, endar í lok apríl og er fyrir utan stundatöflu.

**Námsefni:** Frá kennara

**Námsmat:** Verkefnavinna, ekkert lokapróf. Nánari upplýsingar um áfangann er hægt að finna á vefslóðinni <http://www.kvenno.is/vinatta/>